

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Myanmar, nr. 278/2015.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast í rétttri númeraröð við 2. gr. reglugerðarinnar:

- 1.5 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2019/678 frá 29. apríl 2019 um breytingu á ákvörðun 2013/184/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Myanmar/Burma, sbr. fylgiskjal 1.5.
- 1.6 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2020/563 frá 23. apríl 2020 um breytingu á ákvörðun 2013/184/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Myanmar/Burma, sbr. fylgiskjal 1.6.
- 1.7 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/482 frá 22. mars 2021 um breytingu á ákvörðun 2013/184/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Myanmar/Burma, sbr. fylgiskjal 1.7.
- 1.8 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/483 frá 22. mars 2021 um breytingu á ákvörðun 2013/184/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Myanmar/Burma, sbr. fylgiskjal 1.8.
- 1.9 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/639 frá 19. apríl 2021 um breytingu á ákvörðun 2013/184/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins Myanmar/Burma, sbr. fylgiskjal 1.9.
- 1.10 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/711 frá 29. apríl 2021 um breytingu á ákvörðun 2013/184/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Myanmar/Burma, sbr. fylgiskjal 1.10.
- 1.11 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/1000 frá 21. júní 2021 um breytingu á ákvörðun 2013/184/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Myanmar/Burma, sbr. fylgiskjal 1.11.
- 2.5 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2019/672 frá 23. apríl 2019 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 401/2013 um þvingunaraðgerðir með tilliti til Myanmar/Búrma, sbr. fylgiskjal 2.5.
- 2.6 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2020/562 frá 23. apríl 2020 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 401/2013 um þvingunaraðgerðir með tilliti til Myanmar/Búrma, sbr. fylgiskjal 2.6.
- 2.7 Reglugerð ráðsins (ESB) 2021/479 frá 22. mars 2021 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 401/2013 um þvingunaraðgerðir með tilliti til Myanmar/Búrma, sbr. fylgiskjal 2.7.
- 2.8 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2021/480 frá 22. mars 2021 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 401/2013 um þvingunaraðgerðir með tilliti til Myanmar/Búrma, sbr. fylgiskjal 2.8.
- 2.9 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2021/638 frá 19. apríl 2021 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 401/2013 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Myanmar/Búrma, sbr. fylgiskjal 2.9.
- 2.10 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2021/706 frá 29. apríl 2021 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 401/2013 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Myanmar/Búrma, sbr. fylgiskjal 2.10.
- 2.11 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2021/998 frá 21. júní 2021 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 401/2013 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Myanmar/Búrma, sbr. fylgiskjal 2.11.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 2. september 2021.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal 1.5.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2019/678

frá 29. apríl 2019

um breytingu á ákvörðun 2013/184/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Myanmar/Burma

Viðaukanum við ákvörðun 2013/184/SSUÖ er breytt eins og fram kemur í viðauka við ákvörðun þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/dec/2019/678/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frýstingu fjármuna er hér:

https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.]

Fylgiskjal 1.6.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2020/563

frá 23. apríl 2020

um breytingu á ákvörðun 2013/184/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Myanmar/Burma

Viðaukanum við ákvörðun 2013/184/SSUÖ er breytt eins og fram kemur í viðauka við ákvörðun þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/dec/2020/563/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frýstingu fjármuna er hér:

https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.]

Fylgiskjal 1.7.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2021/482

frá 22. mars 2021

um breytingu á ákvörðun 2013/184/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Myanmar/Burma

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 22. apríl 2013 samþykkti ráðið ákvörðun 2013/184/SSUÖ ⁽¹⁾ um þvingunaraðgerðir gegn Myanmar/Burma.

- 2) Hinn 22. febrúar 2021 samþykkti ráðið ályktanir þar sem það fordæmdi harðlega valdarán hersins sem framið var í Myanmar/Burma þann 1. febrúar 2021. Það kallaði eftir því að dregið yrði úr stigmögnun hættuástandsins með því að aflétta neyðarástandi tafarlaust, koma aftur á fót lögmætri borgaralegri ríkisstjórn og opna nýkjörið þing.
- 3) Ráðið kallaði einnig eftir því að hermálafyrirvöld myndu láta forsetann, ríkisráðgjafann og alla þá sem hafa sætt varðhaldi eða handtöku í tengslum við valdaránið lausa. Ráðið áréttaði að tryggja þyrfti óheft fjarskipti, tjáningarfrelsi, félagafrelsi og fundafrelsi og tryggja þyrfti aðgang að upplýsingum og að virða þurfi réttarríkið og mannréttindi. Það fordæmdi bælingu hers og lögreglu á friðsömum mótmælum ásamt því að kalla eftir því að yfirvöld sýni yfstrustu stillingu og að allir aðilar forðist að beita ofbeldi í samræmi við alþjóðalög.
- 4) Í ályktunum ráðsins var lögð áhersla á að Sambandið væri tilbúið til þess að samþykkja þvingunaraðgerðir vegna valdaráns hersins.
- 5) Í ljósi alvarleika stöðunnar telur ráðið að breyta ætti viðmiðunum varðandi tilgreiningu þannig að hægt sé að beita markvissum þvingunaraðgerðum gegn einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum og stofnunum sem hafa með aðgerðum sínum grafið undan lýðræði eða réttarríkinu í Myanmar/Burma, ásamt lögaðilum, rekstrareiningum og stofnunum í eigu eða undir stjórn herafla (Tatmadaw) Myanmar eða sem afla tekna fyrir, styðja við eða njóta ábata af herafla (Tatmadaw) Myanmar og stuðla þannig að eða njóta ábata af aðgerðum sem grafa undan lýðræði og réttarríkinu eða alvarlegum mannréttindabrotum í Myanmar/Burma.
- 6) Að teknu tilliti til ástandsins í Myanmar/Burma þykir rétt að breyta titli ákvörðunar 2013/184/SSUÖ.
- 7) Því ætti að breyta ákvörðun 2013/184/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2013/184/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað titilsins kemur eftirfarandi:

„Ákvörðun ráðsins 2013/184/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Myanmar/Burma“.

- 2) Í stað 1. mgr. 5. gr. kemur eftirfarandi:

„5. gr.

1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hindra að inn á yfirráðasvæði þeirra komi eða um þau fari:

- a) einstaklingar í herafla (Tatmadaw) Myanmar (Mjanmar), lögreglu Myanmar (Mjanmar) og landamæralögreglunni, sem bera ábyrgð á alvarlegum mannréttindabrotum í Myanmar/Burma,
- b) einstaklingar sem hafa með aðgerðum sínum, stefnu eða starfsemi grafið undan lýðræði eða réttarríkinu í Myanmar/Burma eða sem taka þátt í, eða veita stuðning við, aðgerðir sem ógna friði, öryggi eða stöðugleika Myanmar/Burma,
- c) einstaklingar í herafla (Tatmadaw) Myanmar (Mjanmar), lögreglu Myanmar (Mjanmar) og landamæralögreglunni, sem bera ábyrgð á að hindra veitingu mannúðaraðstoðar við óbreytta borgara í neyð,
- d) einstaklingar í herafla (Tatmadaw) Myanmar (Mjanmar), lögreglu Myanmar (Mjanmar) og landamæralögreglunni, sem bera ábyrgð á að koma í veg fyrir óháðar rannsóknir á meintum alvarlegum mannréttindabrotum, eða
- e) einstaklingar sem tengjast einstaklingum sem um getur í a- til d-lið, sem eru á skrá í viðauka.“

- 3) Í stað 1. mgr. 6. gr. kemur eftirfarandi:

„6. gr.

1. Alla fjármuni og efnahagslegan auð sem tilheyra eða eru í eigu, í vörslu eða undir stjórn:

- a) einstaklinga í herafla (Tatmadaw) Myanmar (Mjanmar), lögreglu Myanmar (Mjanmar) og landamæralögreglunni, sem bera ábyrgð á alvarlegum mannréttindabrotum í Myanmar/Burma,
- b) einstaklinga og lögaðila, rekstrareininga og stofnana sem hafa með aðgerðum sínum, stefnu eða starfsemi grafið undan lýðræði eða réttarríkinu í Myanmar/Burma eða sem taka þátt í, eða veita stuðning við, aðgerðir sem ógna friði, öryggi eða stöðugleika Myanmar/Burma,

- c) einstaklinga í herafla (Tatmadaw) Myanmar (Mjanmar), lögreglu Myanmar (Mjanmar) og landamæralögreglu, sem bera ábyrgð á að hindra veitingu mannúðaraðstoðar við óbreytta borgara í neyð,
- d) einstaklinga í herafla (Tatmadaw) Myanmar (Mjanmar), lögreglu Myanmar (Mjanmar) og landamæralögreglu, sem bera ábyrgð á að koma í veg fyrir óháðar rannsóknir á meintum alvarlegum mannréttindabrotum,
- e) lögaðila, rekstrareininga og stofnana í eigu eða undir stjórn herafla (Tatmadaw) Myanmar (Mjanmar) eða sem afla tekna fyrir, veita stuðning við eða njóta ábata af herafla (Tatmadaw) Myanmar (Mjanmar), eða
- f) einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga og stofnana sem tengjast aðilum sem um getur í a- til e-lið, sem eru á skrá í viðaukanum skal frysta.“

4) Eftirfarandi grein er bætt við:

„6. gr a

1. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 6. gr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður, sem tilheyri einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem eru á skrá í viðaukanum, verði affrystur eða að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem eru á skrá í viðaukanum, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa gengið úr skugga um að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé nauðsynlegur í mannúðarskyni, s.s. til að veita, eða greiða fyrir því að veitt sé, aðstoð, þ.m.t. sjúkragögn og matvæli vegna tilflutnings starfsmanna hjálparstofnana og tengd aðstoð eða brottflutningur frá Myanmar/Burma.

2. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari grein innan fjögurra vikna frá því að hún er veitt.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 22. mars 2021.

Fyrir hönd ráðsins,

J. BORRELL FONTELLES

forseti.

Fylgiskjal 1.8.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2021/483

frá 22. mars 2021

um breytingu á ákvörðun 2013/184/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Myanmar/Burma

Viðaukanum við ákvörðun 2013/184/SSUÖ er breytt eins og fram kemur í viðauka við ákvörðun þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/dec/2021/483/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frýstingu fjármuna er hér:

https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.]

Fylgiskjal 1.9.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2021/639
frá 19. apríl 2021
um breytingu á ákvörðun 2013/184/SSUÖ um þvingunaraðgerðir
í ljósi ástandsins í Myanmar/Burma

Viðaukanum við ákvörðun 2013/184/SSUÖ er breytt eins og fram kemur í viðauka við ákvörðun þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/dec/2021/639/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:

https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.

Fylgiskjal 1.10.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2021/711
frá 29. apríl 2021
um breytingu á ákvörðun 2013/184/SSUÖ um þvingunaraðgerðir
í ljósi ástandsins í Myanmar/Burma

Ákvörðun 2013/184/SSUÖ er breytt sem hér segir:

1) Í stað 12. gr. komi eftirfarandi:

„12. gr.

Ákvörðun þessi skal gilda til 30. apríl 2022. Hún skal vera til stöðugrar endurskoðunar. Hana skal framlengja eða henni breyta, eftir því sem við á, telji ráðið að markmiðum hennar hafi ekki verið náð.“

2) Viðaukanum er breytt eins og kemur fram í viðauka við ákvörðun þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/dec/2021/711/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:

https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.

Fylgiskjal 1.11.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2021/1000
frá 21. júní 2021
um breytingu á ákvörðun 2013/184/SSUÖ um þvingunaraðgerðir
í ljósi ástandsins í Myanmar/Burma

Viðaukanum við ákvörðun 2013/184/SSUÖ er breytt eins og fram kemur í viðauka við ákvörðun þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/dec/2021/1000/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópu-sambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:

https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.

Fylgiskjal 2.5.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2019/672
frá 23. apríl 2019
um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 401/2013 um þvingunaraðgerðir
með tilliti til Myanmar/Búrma

IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 401/2013 er breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2019/672/oj.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópu-sambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:

https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.

Fylgiskjal 2.6.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2020/562
frá 23. apríl 2020
um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 401/2013 um þvingunaraðgerðir
með tilliti til Myanmar/Búrma

IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 401/2013 er breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2020/562/oj.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópu-sambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:

https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.

Fylgiskjal 2.7.**REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2021/479****frá 22. mars 2021****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 401/2013 um þvingunaraðgerðir með tilliti til Myanmar/Búrma**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/482 frá 22. mars 2021 um breytingu á ákvörðun 2013/184/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Myanmar/Burma,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð ráðsins (ESB) nr. 401/2013 taka þær aðgerðir gildi sem kveðið er á um í ákvörðun 2013/184/SSUÖ.
- 2) Hinn 22. mars 2021 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2021/482 um breytingu á ákvörðun 2013/184/SSUÖ, þ.m.t. titli hennar. Með henni voru viðmiðanir varðandi tilgreiningu einnig útvíkkaðar til að hægt sé að beita markvissum þvingunaraðgerðum gegn einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum og stofnunum sem hafa með aðgerðum sínum grafið undan lýðræði eða réttarríkinu í Myanmar/Burma, ásamt lögaðilum, rekstrareiningum og stofnunum í eigu eða undir stjórn herafla (Tatmadaw) Myanmar eða sem afla tekna fyrir, styðja við eða njóta ábata af herafla (Tatmadaw) Myanmar og stuðla þannig að eða njóta ábata af aðgerðum sem grafa undan lýðræði og réttarríkinu eða alvarlegum mannréttindabrotum í Myanmar/Burma.
- 3) Lagasetning á vettvangi Sambandsins er nauðsynleg til að hrinda aðgerðunum sem settar eru fram í ákvörðun (SSUÖ) 2021/482 í framkvæmd, einkum með það fyrir augum að tryggt sé að rekstraraðilar í öllum aðildarríkjunum beiti þeim með samræmdum hætti.
- 4) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 401/2013 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 401/2013 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað titilsins kemur eftirfarandi:
„Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 401/2013 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Myanmar/Burma og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 194/2008“.
- 2) Í stað 3. mgr. í 4. gr. a kemur eftirfarandi:
„3. Í IV. viðauka skal tilgreina:
 - a) einstaklinga í herafla (Tatmadaw) Myanmar (Mjanmar), lögreglu Myanmar (Mjanmar) og landa-mæralögreglu, sem bera ábyrgð á alvarlegum mannréttindabrotum í Myanmar/Burma,
 - b) einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir sem hafa með aðgerðum sínum, stefnu eða starfsemi grafið undan lýðræði eða réttarríkinu í Myanmar/Burma eða sem taka þátt í eða styðja við aðgerðir sem ógna friði, öryggi eða stöðugleika Myanmar/Burma,

- c) einstaklinga í heraflla (Tatmadaw) Myanmar (Mjanmar), lögreglu Myanmar (Mjanmar) og landa-mæralögreglunni, sem bera ábyrgð á að hindra veitingu mannúðaraðstoðar við óbreytta borgara í neyð,
- d) einstaklinga í heraflla (Tatmadaw) Myanmar (Mjanmar), lögreglu Myanmar (Mjanmar) og landa-mæralögreglunni, sem bera ábyrgð á að koma í veg fyrir óháðar rannsóknir á meintum alvarlegum mannréttindabrotum,
- e) lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir í eigu eða undir stjórn heraflla (Tatmadaw) Myanmar (Mjanmar) eða sem afla tekna fyrir, styðja við eða njóta ábata af heraflla (Tatmadaw) Myanmar (Mjanmar),
- f) einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga og stofnana sem tengjast aðilum sem um getur í a- til e-lið.“

3) Eftirfarandi grein er bætt við:

„4. gr. da

1. Þrátt fyrir 4. gr. a geta lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrustur eða að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa gengið úr skugga um að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé nauðsynlegur í mannúðarskyni, s.s. til að veita, eða greiða fyrir því að veitt sé, aðstoð, þ.m.t. sjúkragögn og matvæli, vegna tilflutninga starfsmanna hjálparstofnana og tengd aðstoð eða brottflutningur frá Myanmar/Burma.
2. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 1. mgr. innan fjögurra vikna frá því að hún er veitt.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. mars 2021.

Fyrir hönd ráðsins,

J. BORRELL FONTELLES

forseti.

Fylgiskjal 2.8.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2021/480

frá 22. mars 2021

um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 401/2013 um þvingunaraðgerðir með tilliti til Myanmar/Búrma

IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 401/2013 er breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2021/480/oj.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:

https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.]

Fylgiskjal 2.9.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2021/638
frá 19. apríl 2021
um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 401/2013 um þvingunaraðgerðir
í ljósi ástandsins í Myanmar/Búrma

IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 401/2013 er breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa.
(Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2021/638/oj.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópu-sambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:

https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.]

Fylgiskjal 2.10.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2021/706
frá 29. apríl 2021
um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 401/2013 um þvingunaraðgerðir
í ljósi ástandsins í Myanmar/Búrma

IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 401/2013 er breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa.
(Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2021/706/oj.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópu-sambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:

https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.]

Fylgiskjal 2.11.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2021/998
frá 21. júní 2021
um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 401/2013 um þvingunaraðgerðir
í ljósi ástandsins í Myanmar/Búrma

IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 401/2013 er breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa.
(Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2021/998/oj.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér:

https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.]